



## Jafnréttisstefna Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Badmintonfélag Hafnarfjarðar stuðlar að jöfnum tækifærum sinna félagsmanna og mismunar ekki vegna kynferðis, uppruna, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, litarhátta eða annarrar stöðu.

Badmintonfélagið leggur áherslu á gagnkvæma virðingu í öllu starfi. Niðurlægjandi framkoma svo sem einelti, ofbeldi, kynferðisleg áreitni, illt umtal og ósæmilegar vígsluathafnir er ekki liðin innan félagsins.

Allir félagsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu. Þeir sem verða fyrir kynferðislegri áreitni eða einelti eiga að snúa sér til þjálfara, framkvæmdastjóra eða formanns deildarinnar/félagsins sem hafa þá skyldu að koma málinu í réttan farveg.

### Æfingtímar

Stjórn og starfsmenn BH skulu ávalt úthluta jafn mörgum æfingátímum til allra sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri og getustigi. Þess er gætt að fjöldi og gæði tíma sé ekki mismunandi milli kynja.

### Æfingaaðstaða

Öll kyn njóti sömu eða sambærilegrar aðstöðu og aðbúnaðar við æfingar hjá félaginu.

### Fjármagn

Samræmi skal vera í fjárveitingum innan félagsins til íþróttagreina eftir kynjum. Málefnaleg rök skulu vera fyrir frávikum og skulu þau heyra til undantekninga.

### Umfjöllun

Þess er gætt að umfjöllun um öll kyn og íþróttagreinar sé sem jöfnust á vefsíðum félagsins og í öllu efni sem félagið lætur frá sér fara t.d. útgáfu og fréttatilkynningum. Á þetta bæði við um texta og myndefni.

### Fyrirmyndir

Fyrirmyndir eru kynntar á ígrundaðan hátt og þess gætt að þær séu af öllum kynjum og endurspegli þær áherslur sem eru hjá félaginu.

### Vinna gegn staðalímyndum

Félagið vinnur markvisst gegn staðalímyndum með því að leitast við að jafna kynjahlutföll meðal iðkenda hvernar íþróttagreinar fyrir sig. Á þetta við jafnt í starfi sem og allri umfjöllun um starfið.

## **Verðlaun**

Verðlaun til allra kynja og innan allra greina eru sambærileg. Félagið skal upplýsa kostunaraðila og aðra samstarfsaðila um þá stefnu félagsins að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina í verðlaunum.

## **Laun eða hlunnindi**

Kynin njóti sömu launa og/eða hlunninda fyrir sömu eða sambærileg störf hjá félaginu og sömu eða sambærilega menntun.

## **Styrkir**

Við úthlutun styrkja skulu upphæðir/úthlutun eftir kynjum og aldri vera sem jöfnust hjá félaginu.

## **Þjálfarar og starfsmenn**

Allir iðkendur, óháð kyni, eiga rétt á góðum þjálfara sem hæfir getu þeirra og aldri. Nauðsynlegt er að þjálfarar allra kynja séu vel menntaðir og hafi möguleika á að fá hæfa aðstoðarþjálfara sé þess þörf.

Þess skal gætt að kynjahlutfall þjálfara og starfsmanna sé sem jafnast.

Þjálfarar og starfsmenn félagsins skulu hafa sömu tækifæri, óháð kyni, til að afla sér þekkingar, símenntunar og stunda nám sem nýtist í starfi.

## **Stjórn, ráð og nefndir**

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum félagsins er þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og hlutfall eins kyns ekki meira en 60% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þess er gætt á opinberum samkomum, í fjölmiðlum og annars staðar að fulltrúar félagsins sem koma fram fyrir hönd félagsins sé ekki aðeins af einu kyni.

## **Aðgerðaráætlun**

Í janúar ár hvert skal framkvæmdastjóri í samvinnu við stjórnir deilda og aðalstjórn gera úttekt og mælingu á stöðu jafnréttis innan félagsins og kynna niðurstöðuna á aðalfundi. Ef þörf er á úrbótum skal svo fljótt sem auðið er setja það í farveg.

Jafnréttisstefna BH skal ávalt vera sýnileg á vef félagsins og hana skal endurskoð annað hvert ár.

Samþykkt á fundi aðalstjórnar í nóvember 2020